



Til bæjarráðs

Kópavogi, 10. febrúar 2026
26011618/005.05 SP

Efni: Umsögn bæjarritara um fyrirspurn bæjarfulltrúa varðandi Kársnessstíg

Á fundi bæjarráðs 22. janúar 2026 lagði bæjarfulltrúi Helga Jónsdóttir fram fyrirspurn í þremur liðum vegna birtrar vinnslutillögu um Kársnessstíg á sunnanverðu Kársnesi. Erindinu var vísað til umsagnar bæjarstjóra, sem fól undirrituðum að svara erindinu.

1. Hefur samningum Kópavogsbæjar frá 1993 sem gerðir voru við íbúa á Þinghólsbraut 57 og 59 til að geta lagt Kópavogsræsið verið breytt? Hafa íbúar gefið eftir réttinn sem þau sömdu um þegar þau gáfu eftir land og urðu við óskum Kópavogsbæjar um að breyta erfðafestusamningum í leigulóðarsamninga?

Ekkert liggur fyrir í gögnum bæjarins um að gerðar hafi verið formlegar breytingar á samningunum frá 1993 eða að íbúar hafi með sérstökum hætti afsalað sér réttindum umfram það sem fram kemur í samningunum sjálfum.

2. Hvenær og með hvaða ákvörðun var aðalgöngustígnum á opnu svæði meðfram suðurströnd Kársness breytt í hjóla- og göngustíg?

Ekki er um að ræða sérstaka ákvörðun Kópavogsbæjar sem breytti „aðalgöngustíg“ í „hjóla- og göngustíg“. Hugtök og skilgreiningar á ýmsum gerðum stíga eru mótuð í löggjöf og reglugerðum um skipulagsmál. Skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 hafa þróast í gegnum tíðina og orðalag og flokkun stíga hefur tekið breytingum til að endurspeglar betur fjölbreytta notkun og kröfur nútíma skipulags. Kópavogsbær tileinkar sér og notar í skipulagsgerð sinni það orðalag og þær skilgreiningar sem fram koma í gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni. Þetta þýðir að það sem áður var hugsanlega almennt nefnt „göngustígur“ eða „göngubraut“ er nú, í samræmi við nútíma skipulagsfræði og lagaskilgreiningar, oft flokkað og útfært sem „hjóla- og göngustígur“ til að þjóna betur bæði gangandi og hjólandi vegfarendum. Aðalskipulag Kópavogs er endurskoðað í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

Í 8.4.3. gr. skipulagsreglugerðar, nr. 90/2013, er notað hugtakið „göngu- og/eða hjólreiðaleið“ og að hún sé táknueð með svartri punktalínu. Á aðalskipulagsupprætti fyrir Kópavog 2019-2040 er því tekið fram í skýringum á upprættinum að „göngu- og/eða hjólreiðaleið“ sé táknueð með svartri punktalínu. Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 var samþykkt eftir að skipulagsreglugerð nr. 90/2013 tók gildi og þar er því sama orðalag og vísað í „göngu- og/eða hjólreiðaleið“. Þegar aðalskipulag 2000-2012 var samþykkt var í gildi skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Þar kemur fram í viðauka I um landnotkunarflokka og önnur tákn á



skipulagsuppdráttum að göngustígar séu táknaðir með svartri punktalínu og hjólréiðastígar táknaðir með annarskonar punktalínu. Á aðalskipulagsuppdrætti fyrir Kópavog 2000-2012 er hins vegar vísað í aðalgöngustíga og þeir táknaðir með breiðri gulri punktalínu. Hugtakið aðalgöngustígar virðist því hafa verið notað í aðalskipulagi 2000-2012 til að auðkenna mikilvæga göngustíga. Ensk þýðing á göngu- og/eða hjólréið í aðalskipulagi 2019-2040 og 2012-2024 og aðalgöngustíg í aðalskipulagi 2000-2012 er „main pathway“. Liggur þannig fyrir að orðalagið breyttist úr aðalgöngustíg í göngu- og/eða hjólréiðaleið eftir gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og samþykkt aðalskipulags 2012-2024.

3. Í vinnslutillögu um Kársnessstíg á sunnanverðu Kársnesi sem nú er í skipulagsgátt er lagt til að komið verði fyrir aðgreindum hjólastíg sem stuðlar að skýrari aðgreiningu ferðamáta. Telur Kópavogsbær sér heimilt að leggja slíka tillögu fyrir almenning ef ekki liggur fyrir lausn á kröfum íbúa á grunni ofangreindra samninga?

Sveitarfélög fara með skipulagsvald samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og bera ábyrgð á gerð og breytingum á skipulagsáætlunum innan sinna marka. Samkvæmt úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála hefur verið lagt til grundvallar að einkaréttarlegir samningar takmarki almennt ekki lögbundið skipulagsvald sveitarfélaga.

Kópavogsbær er því heimilt að leggja fram og vinna að skipulagstillögum í samræmi við lög. Slíkir samningar geta hins vegar haft þýðingu fyrir innbyrðis réttarstöðu aðila og hugsanleg einkaréttarleg álitæfni, en úrlausn slíkra álitaefna heyrir undir almenna dómstóla en ekki skipulagsferli sveitarfélaga.

Áður en framkvæmdir hefjast á grundvelli samþykkt deiliskipulags kann að vera tilefni til að meta hvort og þá hvaða réttindi þriðju aðila kunna að vera á svæðinu og hvernig þeim verði best mætt. Samkvæmt 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 getur sá sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna skipulagsákvörðunar leitað eftir mati á hugsanlegum bótarétti, en slík álitaefni heyra undir almenna dómstóla.

Virðingarfyllt,

Pálmi Þór Mátsson
bæjarritari



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 18.08 2026

